



FJÖLBRAUTASKÓLI SUÐURLANDS

Tryggvagötu 25 • 800 Selfoss • Sími 480 8100 • Fax 480 8188 • Kennitala 491181-0289 • Netfang fsu@fsu.is • Veffang www.fsu.is

# *Nýnemaönn FSu* *lokaskýrsla*

Haust 2016  
Verkefnisstjóri  
Olga Lía Garðarsdóttir  
Skólameistari



## Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Nafn skóla: **Fjölbrautaskóli Suðurlands**

Nafn verkefnis: **Nýnemaönn**

Nafn verkefnisstjóra: **Olga Lísía Garðarsdóttir**

### • **Markmið verkefnis skv. umsókn:**

Annars vegar snúa þau að kennurum og kennslu og er ætlað styrkja lærdómssamfélag skólans. Hins vegar snúa markmiðin að nemendahópnum og er ætlað að auka þekkingu þeirra á möguleikum í námi, efla sjálfstæði þeirra og treysta félagsheildina.

Mælanleg markmið eru:

- 1. Að draga úr brottfalli á fyrsta skólaári.
- 2. Að allir nemendur hafi að nýnemaönninni liðinni hlotið kennslu í helstu verk- og listgreinum sem kenndar eru við skólann.
- 3. Að auka möguleika og sjálfstæði í námsvali og vinnubrögðum nemenda.
- 4. Að þverfagleg samvinna kennara verði eflað.
- 5. Að auka áherslu á samstarf og velferð í námi nemenda.
- 6. Að skilgreind verði hæfniviðmið í kjarnagreinum og öðrum greinum í sameiginlegum kjarna.

### • **Leiðir FSu til að ná markmiðinu**

Mikil umræða átti sér stað um hvort sú leið sem lagt var upp með væri gerleg m.v. þau töflu-, tölvu-, tíma-, námsframboðs- og mætingarkerfi sem skólinn starfar eftir. Nemendahópur skólans er fjölbreyttur og flókið að setja alla í sama kerfið heildstætt. Nemendur koma með misjafna getu úr grunnskólunum og með afar ólíkan bakgrunn sem einnig hafði mikil áhrif á útfærslu hugmyndaþingarinnar.

Aðal hugmyndaþingurinn hætti störfum og flutti af landi brott. Það reyndist erfitt að fá annan starfsmann til að taka keflið þar sem viðkomandi hafði ekki sömu sýn og frumkvöðullinn.

### **Niðurstaða endurskoðunar á hugmynd um nýnemaönn:**

1. Ekki var talið ráðlegt að taka heila önn undir þar sem það hefði haft bein áhrif á lengd námstíma þeirra nemenda sem leggja stund á starfsnám (tré-, málm-, rafíðnir, hestabraut og sjúkraliðabraut).
2. Farið var af stað með **BRAGA – umsjón**, meðal allra nýnema, þ.m.t. starfsbrautarnemendur þar er lögð áhersla á að allir nemendur kynnist óháð veru í grunnskóla og búsetu (markmið 5). Áfanginn er 3x1 feining í 3 annir. Á lokaönn eru nemendur á lokaári skólans með kennara í nýnemahópnum, s.k. mentorar. Sjá áfangalýsingar <http://www.fsu.is/is/namid/nam-i-fsu/afangalysingar-samkv-nyrri-namskra/brag1sa01> <http://www.fsu.is/is/namid/nam-i-fsu/afangalysingar-samkv-nyrri-namskra/brag1sa01> <http://fsu.is/index.php/afangalysingar-ny-namskra/2850-brag1sb01>, <http://www.fsu.is/is/namid/nam-i-fsu/afangalysingar-samkv-nyrri-namskra/brag1sb01>, <http://www.fsu.is/is/namid/nam-i-fsu/afangalysingar-samkv-nyrri-namskra/brag1sc01> *BRAGI var kenndur í fyrst sinn haustið 2015. Mentorar eldri nemenda sáu um nýnema dag þar sem farið var út fyrir bæinn, unnið með hópefli, samveru, leiki og mentorar skipulögðu og grilluðu pylsur fyrir nemendur. Mikil ánægja var með þennan dag sem*



og áfangana bæði meðal kennara og nemenda. Nýnemar aðlöguðust vel að námsumhverfi skólans (markmið 5). Samvinna kennara var mikil og sumir tímar voru

samkeyrðir á milli hópa. Fyrstu önninni lauk með kvöldvöku og skemmti hver hópur þar. Þemað var hópefli.

Hver hópur er með einn kennara (samt. 7 hópar sl. haust – 20 – 25 nemendur pr. hópur).

Afrakstur Braga – styrking sjálfstrausts nemenda, mjög margir nýnemar buðu sig fram til stjórnunar í nemendafélagi skólans og hafa sterka sýn á hvernig þau vilja hafa félagslífið.

3. Með endurnýjun námskrár skólans voru nýjar áfangalýsingar samdar með hliðsjón af hæfniviðmiðum. Þetta var gert í öllum áföngum. Sú vinna gekk mjög vel og þakka ég miklum vilja kennara til samvinnu.
4. Gamla Lífsleikni áfanganum var kollvarpað og í staðinn saminn nýr 2 x 5 fein áfangar ( ERGÓ1AA05, ERGÓ 1BB05. **Þar var að miklu leiti tekið mið af þeim þáttum sem lagt var upp með í markmiðum 3 – 5. A áfanginn er kenndur í fyrsta sinn haustið 2016.**

## • Frávik miðað við áætlun verkefnisins:

**Markmið 2 náðist ekki** – nemendur voru ekki settir inn í sama kennslukerfi og því var þeim ekki kynntar allar verklegar námsbrautir skólans. Nemendum var því áfram dreift eftir áhugasviði fyrir utan Braga – umsjón og frá hausti 2016 í ERGÓ1AA05 (sjá áfangalýsingu í viðhengi).

## • Helstu hindrarnir sem komu upp við vinnu verkefnisins

- Að aðalhogmyndasmiðurinn hætti störfum – hún var og er öflugur kennari
- Tímatöflukefið í skólanum leyfir ekki þau frávik sem upphaflega hugmyndin gekk út á og er erfitt að aðlaga ólíka áfanga með mismargar einingar (eining háð kennslutíma) að því.
- Kjarasamningur kennara er mjög bundinn og mikil sveifla á vinnutíma eykur flækjustig við gerð vinnumats kennara.

## • Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Samtal kennara þvert á greinar hefur eflst og þroskast mikið, það skilar reynslu meðal starfsmanna sem kemur sér vel í öllu skólastarfi.

Tveir nýir áfangar (2x5 fein.) sem allir nemendur taka (kjarni til allra námsloka). Í þeim vinna kennarar saman af ólíkum fræðasviðum og semja saman áfangalýsingar. Mjög þverfaglegir áfangar sem fanga þá þætti sem settir eru fram í markmiðakaflanum sem og í grunnþáttum aðalnámskrár framhaldsskóla. Kenndir á fyrstu tveimur önnum nemenda í skólanum. Þar sem áfangarnir eru svo nýir er ekki búið að birta nema aðra áfangalýsinguna á vef skólans. Sjá slóð á heimasíðu skólans.

<http://fsu.is/images/stories/pdf/ka/H16/ERGO1AA05.pdf>

**Ergó1AA05, („Ég hugsa – þess vegna er ég.“)**

**Innihald áfanga:** Mannréttindi -Jafnrétti kynja -Fjármálalæsi -Borgaravitund -Lýðræði -

Álitamál -Vinnubrögð -Tjáning.

Sjá viðhengi með skýrslu.

Á vorönn 2017 verður seinni hluti efnisins tekið fyrir.

**Ergó1BB05-** <http://www.fsu.is/is/moya/page/ergo1bb05>



**Innhald áfanga:** Sjálfbærni - Umhverfi og neytandinn - Auglýsingar og fjölmiðlar – Nýsköpun - Lífstíll - Álitamál - Vinnubrögð – Tjáning.  
Unnið verður að gerð kennsluáætlunar á haustönn 2016.

- **Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:**

Sú vinna sem átt hefur sér stað þökk sé styrknum, hefur styrkt almenna samræður og samvinnu meðal kennara og skólastarfið í heild. Nemendur eru og verða öruggari í skólanum strax frá byrjun náms, þökk sé Braga og Ergó, meðvitaðri um námskerfi skólans, kynnast betur með aukinni áherslu á verkefnavinnu, betri líðan í skólanum og líkur eru á að brottfall minnki. Þá hefur áhersla á símat í áföngum aukist sem virðist henta nemendum betur en próf og er það hvetjandi til jafnari vinnu yfir allt skólaárið. Skólabragur er jákvæðari meðal nemenda og þau hafa betri skilning á mikilvægi samtals um málefni sem snúa að þeim.

- **Niðurstöður verkefnisins:**

1. Það er ekki komin reynsla á niðurstöður varðandi nemendur né mæling á afrakstri þar sem sl. skólaár var fyrsta árið sem kennt var skv. nýrri námskrá.
2. Brottfallstölur nýnema frá sl. hausti liggja ekki fyrir en það er einn mælikvarði sem notaður verður.
3. Eitt augljóst jákvætt tekn um árangur nú þegar er að mun meiri þátttaka meðal yngri nemenda í starfssemi nemendafélags skólans þvert á búsetu og mikill áhugi er á framþróun skólastarfsins meðal nemenda. Þar er hægt að þakka kennslu í Braga – áfanga, en hann gengur út á að gera nemendur meðvitaðri um þau áhrif sem hver nemandi getur haft á skólabraginn. Haldinn var opinn skólafundur í vor sl. þar sem þátttaka nemenda var góð og virk.
4. Sú vinna sem lýst hefur verið hér að ofan er rétt að hefjast og mun sannarlega halda áfram. Unnið verður áfram með þróun á umsjónakerfinu Braga og nemendur eru áhugasamir um að taka þátt í þeirri þróun, sjá skýrslu fagstjóra Braga í Ársskýrslu 2015 – 2016, bls. 47.  
<http://www.fsu.is/is/um-skolann/skyrslur/skolaar-2015-2016>

- **Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum**

Við höfum ekki kynnt þessar breytingar meðal annara skóla en þar sem undirrituð situr í stjórn SMÍ (stjórnenda í framhaldsskólum) þá er það ein af hugmyndum nýrrar stjórnar, að skólar kynni sértæk verkefni sem eru í gangi í skólunum. Þar munum við nýta tækifæri til að kynna okkar breytingar verði sá möguleiki ofan á.

Auglýst hefur verið eftir þróunarverkefnum til kynningar í tímariti áhugahóps um skólaþróun og þar munum við kynna Braga – kerfið í vetur og vonandi Ergó á næsta skólaári.

- **Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um**

Það hafa orðið miklar breytingar á skólakerfinu almennt með fullri innleiðingu laga um framhaldsskóla 92/2008 og styttingu náms til stúdentsprófs. Sú breyting hefur kallað á mikla endurskoðun á innihaldi allra áfanga. Kennarar hvers skóla eru þeir sem mest hafa unnið í breytingunum með bakland í nemendum sem mörg virðast áhugasöm um þátttöku í skólaþróun.

- **Rekstrarreikningur – sjá annað viðhengi.**

Selfossi 2. september 2016.

*Olga Lísu Garðarsdóttir*  
skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurlands



# FJÖLBRAUTASKÓLI SUÐURLANDS

Tryggvagötu 25 • 800 Selfoss • Sími 480 8100 • Fax 480 8188 • Kennitala 491181-0289 • Netfang fsu@fsu.is • Veffang www.fsu.is

